

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/2492*  
*komudagur 15.5.2012*



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-12  
150 Reykjavík

Reykjavík 15. maí 2012

**Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 (ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk). Þingskjal 1124 – 692. mál.**

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) fagnar frumvarpi til laga um breytingu á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 (ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk). Með því er réttindagæsla fatlaðs fólks bætt, en eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar um þjónustu við fatlað fólk hefur henni verið ábótavant. Einnig er hér tekið mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þar segir m.a. í 14. grein a. lið að tryggja þurfi að fatlað fólk njóti réttar til frelsis og mannhelgi til jafns við aðra og í b. lið að fatlað fólk sé ekki svipt frelsi sínu með ólögmætum hætti eða að geðþótta og að frelsissvipting í hvaða mynd sem er sé lögum samkvæmt og þar á fötlun í engum kringumstæðum að réttlæta frelsissviptingu.

ÖBÍ gerir athugasemd við 15. gr. frumvarpsins sem fjallar um hlutverk undanþágunefndarinnar. Bandalagið bendir á að ef upp kemst að nauðung sé beitt, án þess að hún sé tilkynnt eða sótt sé um leyfi, þarf að geta til um úrræði fyrir undanþágunefnd til að grípa til aðgerða.

ÖBÍ telur mikilvægt að við innleiðingu laga sem draga eiga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk sé nauðsynlegt að standa að fræðslu um málefnið og að henni verði reglulega haldið við. Veita þarf forstöðufólki og starfsfólki ráðgjöf með það að markmiði að koma í veg fyrir að nauðungar sé þörf í starfi með fötluðu fólki. Einnig þarf að gæta þess að ferli við umsókn sé ekki of langt, þannig að langur tími líði frá því að sótt er um leyfi þar til svar berst frá undanþágunefnd um nauðung. Ef vel á að standa að réttindagæslu fatlaðs fólks þarf meðal annars að tryggja að eftirlit ráðuneytisins virki sem skildi. Einnig vill ÖBÍ benda á að auka þarf starfshlutfall

réttindagæslumanna til muna. Fatlað fólk þarf að hafa greiðan aðgang, í heimabyggð, að þeim einstaklingum sem standa eiga vörð um réttindi þess.

F.h. Öryrkjabandalags Íslands

---

Guðmundur Magnússon  
Formaður